



Pjódaratkvæði
laugardaginn 6. mars 2010

JÁ eða NEI

Inngangur

Þessum bæklingi er ætlað að útskýra í stuttu máli nokkur meginatriði sem varða þjóðaratkvæðagreiðsluna 6. mars 2010, ástæður hennar og afleiðingar. Bæklingurinn er unninn af sjálfstæðum og hlutlausum aðila, Lagastofnun Háskóla Íslands, að beiðni dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.

Greidd verða atkvæði um lög nr. 1/2010 sem Alþingi samþykkti 30. desember 2009 en forseti Íslands neitaði að staðfesta 5. janúar 2010. Löggin eru um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu. Lög nr. 1/2010 breyta lögum nr. 96/2009 um sama efni. Lánin eiga að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Um þau hefur verið samið í svokölluðum Icesave-samningum.

Markmið atkvæðagreiðslunnar er að fá fram afstöðu þjóðarinnar til laga nr. 1/2010 eins og stjórnarskráin mælir fyrir um. Á kjörseðli verður spurt

hvort löggin eigi að halda gildi eða falla úr gildi. Meirihluti atkvæða af landinu öllu ræður úrslitum og vægi atkvæða er jafnt. Ef meirihluti svarar játandi halda löggin gildi sínu. Ef meirihluti svarar neitandi falla löggin úr gildi.

Frekari upplýsingar, svo sem texta laga og samninga, er að finna á thjodaratkvaedi.is. Þar eru einnig tenglar á vefi sem endurspeglar mismunandi skoðanir á málinu og eru vettvangur umræðu.



Ríkisábyrgð

Samningar

Samningarnir um Icesave-reikningana eru lána-samningur frá 5. júní 2009 með viðaukum frá 19. október 2009. Saman mynda þeir eina heild og eru hér kallaðir Icesave-samningarnir. Skuldari er Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, ábyrgðaraðili er íslenska ríkið og lánveitendur eru annars vegar breska ríkið og hins vegar hollenska ríkið.

Löggjöf


Þar sem íslenska ríkið er ábyrgðaraðili samkvæmt samningunum þarf Alþingi að setja lög sem heimila ríkisábyrgð, fyrr geta þeir ekki tekið gildi.

Eftir að lána-samningarnir frá 5. júní höfðu verið gerðir samþykkt Alþingi lög nr. 96/2009 um heimild til að veita ríkisábyrgð en að auki skilyrði og fyrirvara sem ekki komu fram í samningunum. Þeir gátu því ekki tekið gildi og samningaviðræður hófust að nýju. Niðurstaðan af þeim viðræðum er í

viðaukum sem gerðir voru við lána-samningana 19. október 2009.

Í kjölfar viðaukanna setti Alþingi lög nr. 1/2010 sem nú verða greidd atkvæði um. Lögin breyta tilteknum ákvæðum í lögum nr. 96/2009 og heimila íslenskum stjórnvöldum að veita ríkisábyrgð á þann hátt sem gert er ráð fyrir í Icesave-samningunum eins og þeim var breytt í október. Verði lög nr. 1/2010 samþykkt geta Icesave-samningarnir tekið gildi.

Verði lögum nr. 1/2010 hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu gilda eldri lögin óbreytt. Icesave-samningarnir, hvort heldur er frá júní eða október 2009, taka að öllu óbreyttu ekki gildi á grundvelli þeirra. Ástæðan er sú að ríkisábyrgðin samkvæmt lögum nr. 96/2009 er ekki í fullu samræmi við ákvæði samninganna.



Fjárhæðir og skilmálar

Greiða skal Hollendingum 1,33 milljarða evra og Bretum 2,35 milljarða sterlingspunda. Þetta er hluti af því fé sem stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi hafa greitt út til viðskiptavina Landsbanka Íslands hf. í löndunum tveimur.

Til frádráttar þessum fjárhæðum munu koma greiðslur frá Landsbanka Íslands hf. sem lækka höfuðstól lánanna þegar þær berast. Ekki liggur fyrir hversu háar þær greiðslur verða en áætlanir þar um og fleiri útreikninga er hægt að kynna sér á thjodaratkvaedi.is og althingi.is.

Helstu skilmálar

- Fyrstu sjö árin eru án afborgana.
- Vextir eru fastir, 5,55%, og reiknast frá 1. janúar 2009.
- Gjaldalagi fyrstu afborgunar og vaxta er 5. september 2016.

- Lánstími getur orðið til 5. júní 2024 ef greiðslur afborgana og vaxta eru innan árlegs greiðsluhámarks.
- Fari afborganir og vextir samanlagt upp fyrir hámarkið lækkar afborgun af höfuðstól lánanna. Alltaf þarf þó að greiða vexti.
- Ef nauðsynlegt reynist er mögulegt að framlengja lánstímann til ársins 2030 og eftir það um fimm ár í senn.

Unnt er að óska eftir endurskoðun samninganna ef úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sýnir að skulðapoli Íslands hafi hrakað miðað við mat sjóðsins frá 19. nóvember 2008.

Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd samninganna skal fara með málið fyrir enskan dómstól og ensk lög gilda.



Atkvæðagreiðslan

Um kosningarrétt og kjörskrá fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Þó skulu kjörskrár miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag og liggja frammi hjá sveitarstjórnnum í heila viku fyrir kjördag.

Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir eru þær sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst fimmtudaginn 28. janúar 2010.

Nánari upplýsingar um framkvæmd þjóðar-atkvæðagreiðslunnar er að finna á kosning.is.

Lög nr. 1/2010 kveða á um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti sýnaði þeim staðfestingar.

Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?

Merkið í annan hvorn ferninginn hér að neðan.

Já, þau eiga að halda gildi.

Nei, þau eiga að falla úr gildi.



Bakgrunnur

Tryggingarsjóðurinn

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem hefur þann tilgang að veita viðskiptavinum banka lágmarksvernd gegn greiðsluferðleikum banka. Greitt er í sjóðinn vegna viðskiptabanka hér á landi og útibúa þeirra í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Geti banki ekki greitt út innstæður viðskiptavina sinna er sjóðnum skylt að bæta þeim tjónið svo sem fé hans hrekkur til og að lágmarki 20.887 evrur fyrir hvern reikningseiganda. Þetta er nefnt innstæðutrygging.

Íslensk lög um þetta efni, nr. 98/1999, eru í samræmi við reglur Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Reglurnar eru hluti af EES-samningnum og þeim er ætlað að tryggja lágmarksöruggi viðskiptavina banka.

Landsbanki Íslands hf. og Icesave

Landsbanki Íslands hf. rak útibú í Bretlandi og Hollandi. Bankinn bauð viðskiptavinum sínum að leggja inn á reikninga sem nefndir voru Icesave. Greitt var í Tryggingarsjóðinn á Íslandi, heimaríki bankans, vegna þessara reikninga.

Við bankahrunið á Íslandi, í október 2008, gat Landsbanki Íslands hf. ekki greitt eigendum Icesave-reikninga út innstæður sínar. Í kjölfarið ákváðu yfirvöld í Bretlandi að bæta almennum viðskiptavinum bankans tjón þeirra að fullu og í Hollandi var viðskiptavinum bankans bætt tjónið að ákveðnu marki umfram lágmarksinnstæðutryggingar. Síðan var krafist endurgreiðslu á lágmarksinnstæðutryggingunum. Um þær endurgreiðslur er fjallað í Icesave-samningunum.

Tryggingarsjóðurinn á einungis fjármuni sem svara til lítils hluta af innstæðutryggingum vegna Icesave-reikninganna.

Landsbanki Íslands hf. er nú í greiðslustöðvun og slitameðferð. Unnið er að því að innheimta



kröfur og selja eignir bankans. Fjármunir frá bankanum ganga með tímanum upp í skuldir hans í tiltekinni röð. Þar eru innstæðutryggingar framarlega. Hins vegar er óvíst hve mikið fæst upp í skuldir og hvenær þeir fjármunir skila sér enda er gert ráð fyrir að nokkurn tíma taki að selja eignirnar.

Ísland, Bretland og Holland

Íslensk stjórnvöld halda því fram að reglur Evrópusambandsins um innstæðutryggingar, sem innleiddar hafa verið í íslenskan rétt, feli ekki í sér lagalega skyldu ríkja til að ábyrgjast innstæður viðskiptavina banka umfram eignir viðkomandi tryggingarsjóðs.

Íslensk stjórnvöld hafa einnig haldið fram sjónarmiðum um sameiginlega ábyrgð á gölluðu regluverki um innstæðutryggingar sem ekki hafi verið ætlað að ná yfir hrún þorra fjármálastofnana á sama tíma. Jafnframt hefur verið leitað eftir því að úr málinu verði skorið með lögfræðilegum hætti

fyrir alþjóðlegum dómstóli eða gerðardómi. Til að það sé hægt þarf samþykki allra málsaðila.

Stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi hafa hins vegar haldið því fram að ábyrgð á innstæðutryggingum viðskiptavina banka takmarkist ekki við eignir viðkomandi tryggingarsjóðs. Þau telja einnig að mála- rekstur um slíkt sé til þess fallinn að grafa undan trausti á fjármálakerfi Evrópuríkja. Afstaða breskra og hollenskra stjórnvalda hefur notið stuðnings ríkisstjórna Evrópusambandsríkjanna, auk Noregs.

Niðurstaða viðræðna um Icesave-reikningana er sú að íslenska ríkið ábyrgist að bresk og hollensk stjórnvöld fái endurgreiddan þann hluta kostnaðarins sem nemur lágmarki innstæðutrygginganna.

Þrátt fyrir þetta viðurkenna íslensk stjórnvöld ekki að ábyrgðin sé veitt vegna lagalegrar skyldu. Fari málið fyrir dóm og verði niðurstaðan sú að íslenska ríkinu hafi ekki verið lagalega skylt að ábyrgjast greiðslur innstæðutrygginga til viðskiptavina íslenskra banka skal efnt til viðræðna við Breta, Hollendinga og fleiri aðila um áhrif þess.

x Já

x Nei

Ef meirihlutinn segir JÁ

- Lögum nr. 96/2009 hefur verið breytt með lögum nr. 1/2010 og ríkisábyrgðin samkvæmt þeim er í samræmi við Icesave-samningana.
- Icesave-samningarnir frá júní og október 2009 geta tekið gildi.
- Í framhaldinu þarf að greiða af Icesave-samningunum í samræmi við skilmála þeirra og að því marki sem eignir Landsbanka Íslands hf. duga ekki til.

Helstu óvissuþættir

- Hvaða greiðslur fást úr slitameðferð Landsbanka Íslands hf. og hvenær berast þær?
- Hver verður þróun gengis, hagvaxtar og annarra aðstæðna í þjóðarbúinu sem áhrif hafa á greiðsluþyrði af Icesave-samningunum?

Ef meirihlutinn segir NEI

- Lög nr. 96/2009 gilda óbreytt en ábyrgð íslenska ríkisins samkvæmt þeim er ekki í fullu samræmi við Icesave-samningana.
- Icesave-samningarnir frá júní og október 2009 gætu að öllu óbreyttu ekki tekið gildi.
- Uppgjör innstæðutrygginga vegna Icesave-reikninganna er þá óútkljáð viðfangsefni stjórnvalda á Íslandi, í Bretlandi og Hollandi, auk Tryggingarsjóðsins á Íslandi.

Helstu óvissuþættir

- Hvaða ákvarðanir taka stjórnvöld á Íslandi, í Bretlandi og Hollandi um framhald málsins, hver af sinni hálfu?
- Hvaða greiðslur fást úr slitameðferð Landsbanka Íslands hf. og hvenær berast þær?

thjodaratkvaedi.is – Upplýsingavefur vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 6. mars 2010.

kosning.is – Kosningavefur dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.

althingi.is – Alþingisvefurinn.